


Alþingi
Erindi nr. P 135/1427
komudagur 15.2.2008

Til hæstvirts menntamálaráðherra,
frú Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur
Frá Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi
Athugasemd vegna frumvarps til laga um grunnskóla


Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi fagnar frumvarpi menntamálaráðherra til nýrra grunnskólalaga í meginatriðum. Einkum er áherslan á mikilvægi samstarfs foreldra og skóla til fyrirmyndar. Sú breyting sem boðuð er á 2. gr. laganna og lýtur að starfsháttum skóla hlýtur þó að vekja andmæli. Telur nefndin miður að ákvæði um að kristilegt siðgæði liggi til grundvallar starfi grunnskólans skuli vera afnumið, bæði í ljósi samferðar þjóðar og kristni í rúm þúsund ár en ekki síður með samtíðina í huga og aðstæður barna í breytilegum heimi. Sá tryggi grundvöllur kærleikans sem kristin trú gefur hlýtur að vera mikilvægur nú ekki síður en fyrr á tímum, einnig til að tryggja umburðarlyndi og virðingu fyrir skoðunum annarra.

Samþykkt á fundi í Reykjavík 14. febrúar 2008,



Fulltrúi Aðventkirkjunnar


Fulltrúi Hvítasunnukirkjunnar



Fulltrúi Íslensku Kristskirkjunnar


Fulltrúi fríkirkjunnar Vegarins


Fulltrúi Hjálpræðishers


Fulltrúi Kapólsku kirkjunnar

Fulltrúi Óháða safnaðarins


Fulltrúi Þjóðkirkjunnar

Sent Menntamálanefnd Alþingis
b.t. formanns
Sigríður Kara Kristjánsdóttir